

# Starfsáætlun Kópahvols

Skólaárið 2024 – 2025



Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá Kópahvols. Foreldraráð gefur umsögn um áætlunina sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Almennar upplýsingar um leikskólann, dagskipulag, skólanámskrá, foreldraráð og skóladagatal ásamt fleiri þáttum má finna á [heimasíðu](#) skólans. Leikskólinn Kópahvoll tók til starfa árið 1970 og er fjöggra deilda skóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 74 börn.

## Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón og til þess að unnið sé eftir viðbragsáætlunum. Hér má finna [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

[Áfallaáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.](#)

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís. Skráð voru 5 slys í atvik á tímabilinu 1. ágúst 2023 – 1. ágúst 2024. Þrjú slys voru skráð vegna barna allt á útisvæði leikskólans. Tvö atvik eru skráð vegna starfsmanns þau voru bæði innanhús. Brugðist var við úrbótum þar sem það var hægt.

## Viðhald

### Skólaárið 2023 – 2024

Bráðabyrgða úrlausn var gerð á salerni á Spóadeild þar sem vantaði hurðar á klósett barnanna en það var leyst með tjöldum, þar sem vonast er eftir því að almennilegar framkvæmdir verði gerðar á húsnæðinu fyrr en seinna. Sett var innrétting í forstofu rými Krummadeildar.

### Skólaárið 2024 – 2025

Áætlað er að taka kaffistofu starfsmanna í gegn, þar sem í ágúst 2023 var ákveðið að breyta einu deildar rými í kaffistofu því eru allar hirslur í barnahæð og húsgögn ekki við hæfi. Búið er að samþykka nýja innréttingu inn á kaffistofuna sem áætluð er í framkvæmd sumar 2024. Skápar sem eru í kaffistofu rými verða færðir inn í Hreiður.

## Skólastarfið

Skólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans. Stefna skólans er Uppeldi til ábyrgðar og erum við enn að bæta við okkur þekkingu í þeim fræðum. Snemmtæk íhlutun er orðin hluti af starfi leikskólans. Kópahvoll er réttindaskóli UNICEF og þar að leiðandi er unnið mikið með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og lýðræði.

Einkunnarorð leikskólans Kópahvols eru *gleði, samkennd, frelsi og hugrekki.*



## Áherslur í skólastarfinu skólaárið 2024-2025

Unnið er út frá Barnasáttmálanum, Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar, snemmtækri íhlutun og lýðræði og læsi í víðri merkingu. Unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbeinið og Vináttuverkefni Barnaheilla.

Í Kópahvoli er lagt upp með að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug eins og einkunnarorðin gefa til kynna. Kópahvoll er réttindaskóli UNICEF og allt starf í leikskólanum er unnið með það að sjónarmiði. Leikskólastarfið einkennist af samkennd, hlustun, virðingu og lýðræði meðal barna og starfsfólks. Frelsið mótast með lýðræðinu og hvernig við eflum alla einstaklinga í leikskólanum til þess að vera þeir sjálfir.

Áherslur fyrir skólaárið 2024 – 2025 er að innleiða nýju kaflana í Aðalnámskrá leikskóla þar sem áhersla verður lögð á að efla sjálfsprottna leikin, inngildingu og fullgildi. Einnig að temja okkur nýja orðanotkun í takt við nýju kaflana. Haldið verður áfram að dýpta okkur í þeim viðfangsefnum sem við byrjuðum á síðasta vetur t.d að efla enn frekar lýðræði. Í ágúst 2023 var farið af stað með það sem í dag köllum við val, markmiðið er að opna enn frekar á það fyrirkomulag þar sem börnin fá þá meira svigrúm og flæði í sjálfsprottna leikin. Nú verður hægt að velja um deildar, Hreiður og salinn. Matstofa var tekin í notkun í maí 2023 í morgunmat og nónhressingu, haldið verður áfram með það fyrirkomulag, upplifun okkar hefur verið jákvæð af breytingunni þar sem börnin verða sjálfstæðari sem og lýðræðið verður víðara.

Áfram verður farið í íþróttahús Kópavogsskóla einu sinni í viku með einn hóp sem er aldurs blandaður. Kór elstu barna verður stofnaður með nýjum elstu barna hóp.



## Símenntunaráætlun

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja námskeið, til að bæta faglegt starf og efla starfsþróun.

Árið 2023 – 2024 fóru stjórnendur á stjórnendanámskeið á vegum Þekkingarmiðlunar. Kraganámskeið fyrir stjórnendur gleðigjafinn í aksjón. Leikskólastjóri fór á ráðstefnu í Finnlandi í maí 2024. Fundur á vegum RannUng tvítyngi og fleira. Ýmis námskeið á vegum Kópavogsbæjar svo sem EKKO, Rafrænar ráðningasamningar, og fleira.

### Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2024-2025

Námskeið	Hvenær	Hverjir
Kraganámskeið	9. okt Styrkja jákvæða hegðun	
Kraganámskeið	7. nóv Foreldrasamstarf	
Kraganámskeið	12. feb Skapandi skólastarf - listsköpun	
Kraganámskeið	11. mars Tónlist með börnum	
Kraganámskeið	30. apríl Hæglátt skólastarf	Halla og Stefanía
Erasmus + Vinnustofa	29. sept	Halla, Sigríður Kristín, Sara og Fríða
Fagfundur	15. október	Allt starfsfólk boðað, frjáls mæting
Fagfundur	27. mars 2025	Allt starfsfólk boðað, frjáls mæting
Guðrún Alda rafrænn fyrirlestur um Sjálfssprottna leikinn, inngildingu og fullgildingu	Opin í einn vetur	Allir



## Skipulagsdagar

Skipulagsdagar verða fimm á árinu og nýttir til að efla fagþekkingu, hópefli og skipulag starfsins. Farið verður í að endurmeta skólanámskrá og snemmtæka íhlutun handbókina.

### *Skólaárið 2024-2025*

Föstudagurinn 13. September 2024- Endurmat og undirbúningur fyrir vetrarstarfið fyrirlestur Guðrún Alda um nýju kafla í Aðalnámskrá. Ákveðið að taka hópefli í leiðinni endum daginn á OCHE í kringlunni í mat og skemmtun.

Miðvikudagur 13. Nóvember 2024 – „Nýtum mannaúðinn“ í kynningu á starfinu sem fram fer í skólanum. Áframhaldandi vinna við nýju kaflana í Aðalnámskrá. Unnið að úrbótum úr matsáætlun 2023. ATH með fræðslu frá 78 samtökunum.

Föstudagurinn 24. Janúar 2025 – Endurmat – á haustinu

Miðvikudagur 12. mars 2025– Áframhaldandi vinna við nýju kaflana í Aðalnámskrá og skólanámskrá Kópahvols. Fræðsla tengd þeirri vinnu.

Föstudagur 16. Maí 2025 – Endurmat og Hópefli



## Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er í sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni. Áfram er horft til Heimsmarkmiða og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu starfi skólans.

Lögð verður sérstök áhersla á sjálfsprottna leikinn, fullgildi og inngildinguna.

Ákveðið var að fara í breytingar innanhús haustið 2023 þar sem áhugi var fyrir því að nýta rýmið í salnum betur en áður hefur verið gert. Ákveðið var að færa hreyfinguna út og breyta salnum í rými þar sem fleiri en ein deild getur nýtt rýmið í einu í leik og starf. Sett var upp leikfangasafn þar sem kennarar og börn geta komið og skipt út efnivið á deildunum eftir hentugleika. Veturinn 2024 – 2025 verður haldið áfram með þessa vinnu.

Kennarar settu sér markmið um að ýta undir samvinnu á milli allra deilda skólans og breyting á salnum var hluti af þeirri samvinnu, þar skapast tækifæri til þess að blanda börnunum meira saman í leik. Ákveðið var að fara í val á öllum deildum þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga þar sem öll börn geta valið um að fara í salinn, Hreiðrið eða vera á sinni deild. Helmingur barnahópsins er í útiveru hverju sinni. Farið var frekar fljótlega í að vera með valið alla daga vikunnar þar sem hópurinn upplifði fljótlega hversu jákvætt fyrirkomulagið var. Veturinn 2024 – 2025 verður haldið áfram með þetta fyrirkomulag og bættum við um betur með því að bæta öllum deildum skólans í valið. Þá geta börnin valið um að fara á einhverja ákveðna deild auk þess að velja um Hreiður og Salinn. Sérgreinastjórinn sem sér um Hreiðrir hefur einnig ákveðið að bjóða upp á reglulegar ferðir á listasöfn, áætlað er að fara eina ferð í mánuði og verður það einnig sett sem val fyrir börnin.

Áhugi er á því að sækja um styrk í Erasmus+ og nýta okkur til þess að þróa okkur enn frekar í því starfi sem við erum að sinna. Hugmyndin er að tengja t.d inngildinguna og lýðræði. Einnig að skoða etwinning þar sem þar geta myndast sambönd sem geta stutt við alls kyns verkefni sem tengjast starfinu.





## Foreldrasamstarf

Upplýsingar um foreldraráð Kópahvols og foreldrafélag ásamt lögum og starfsreglum má finna á [heimasíðu leikskólans](#).

## Samsetning starfsmannahópsins

Í Kópahvoli er gert ráð fyrir 18,74 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 30% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri meðal annars heimasíðu leikskólans og skipulagningu á faglegu starfi. Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Heildar stöðugildi í Kópahvoli er 24,16 og af því eru 5,52 stöðugildi vegna sérkennslu.

Skólaárið 2024-2025 munu starfa í Kópahvoli auk stjórnenda, sérkennslustjóri, sérgreinastjóri, tveir leikskólakennarar með deildarstjórn, einn háskólamenntaður kennari með deildarstjórn og einn ófaglærður starfsmaður með deildarstjórn. Þrír leikskólakennarar, sjö háskólamenntaðir starfsmenn einn í fæðingarorlofi, tveir nemar í leikskólakennarafræðum önnur að byrja á fjórða ári og hin á þriðja ári og sjö almennir starfsmenn þar af ein í fæðingarorlofi.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu kennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

## Hagnýtar upplýsingar

### Börn

Í september 2024 voru 74 börn í Kópahvoli og þar af tuttugu börn af erlendum uppruna.

#### Aldursskipting eftir árum:

29 börn fædd 2019  
23 börn fædd 2020  
8 börn fædd 2021  
14 börn fædd 2022

Dvalartími hvers dag 542,4  
Barngildin voru 77,52



## Mat á skólastarfi og umbótaáætlun

### *Innra mat*

Innra mat á að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Mat skólans er viðvarandi verkefni byggt á viðmiðum sem fram koma í aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Hlutverk innra mats er að skoða og meta framkvæmd stefnu og markmiðs skólans. Í framhaldi af því mati er mótuð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem út af standa.

### **Matsteymi og þátttaka í innra mati**

Í matsteymi Kópavols er Aðstoðarleikskólastjóri, Sérgreinastjóri, tveir deildarstjórar, háskólamenntaður starfsmaður og leikskólaliði. Þar að leiðandi er einn starfsmaður af hverri deild og að auki aðstoðarstjóri og sérgreinastjóri. Teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna, foreldra og barna.

### **Niðurstöður úr matsáætlun 2023- 2024**

Skólaárið 2023 – 2024 var sett saman matsteymi sem fór af stað í vinnu við að meta innra og ytra starf skólans. Matsáætlun var gerð 2021 til fjögurra ára en ekki hafði náðst að halda áætlun fyrir en í vetur og náðist að vinna upp þá mats þætti sem voru óunnir. Stuðst var við viðmið og vísendingar fyrir innra mat sem Reykjavíkurborg gaf út 2015. Spurningakönnun var lögð fyrir starfsfólk leikskólans sem og foreldra, tekið var viðtal við sérkennslustjóra og leikskólastjóra, starfsmenn í matsteyminu fóru í vettvangsathuganir á deildar. Matsteymið sá síðan um að vinna úr könnunum og matsniðurstöðum og komu með tillögur að úrbótum. Veturinn 2024 – 2025 verður matsáætlunin kláruð og verða niðurstöður matsáætlunarinnar til fjögurra ára notaðar við gerða skólanámskrár vor 2025

Starfsmenn hvarrar deildar mátu þættina sköpun og menning á þar til gerðum eyðublöðum og skiluðu inn. Hins vegar hefði mátt framkvæma matið fyrir og einnig hefði þurft að vera með skýrari skilgreiningu á hvernig framkvæma ætti matið. Vantaði upp á umbóta þætti frá deildunum og hefur það sennilega að gera með að ekki var búið að skilgreina verkefnið nægilega vel fyrir öllum aðilum. Að öllum líkindum hefur breytt fyrirkomulag starfsins í Kópahvoli einnig haft áhrif á matið þar sem starfsfólk var enn að átta sig á skipulagi og starfsháttum í nýju fyrirkomulagi.

Í viðhengi eru niðurstöður úr því mati sem lagt var fyrir og unnið úr. Veturinn 2024 – 2025 verður lagt fyrir námsviðin sjálfbærni og vísindi og verður það lagt fyrir á haustmánuðum til að hægt verði að vinna að úrbótum í vetur.





## Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

## Starfsmanna könnun á vegum Kópavogsbæjar

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í júní 2024. Leikskólastjóra hafa ekki borist niðurstöður

## Mat barna

Unnið hefur verið að því að efla mat barna og virkja börnin enn frekar í að hafa skoðanir og áhrif á starf leikskólans. Í tengslum við UNICEF verkefnið voru lagðar fyrir tvo elstu árgangana könnun á hvað börnum þætti t.d skemmtilegast í leikskólanum og hvernig þeim þætti hvíld og matartími.

Matsteymi hitti nokkur börn í litlum hópum og lagði fyrir þau nokkrar spurningar, sem er að finna í Viðmiðum og vísbendingu frá Reykjavíkurborg, til þess að fá betri sýn á leikskólastarfið í augum barnanna. Niðurstöðurnar voru fléttaðar saman við heildarmatið.

Öll börn leikskólans fá að hafa áhrif á hvað er í hádegismat að lágmarki einu sinni til tvisvar á vetri. Á afmælisdegi leikskólans fá börnin að ákveða hvað er í bæði hádegismat og nónhressingu og haldin formleg kosning þar sem öll börn fá atkvæðisrétt. Einnig hafa öll börn áhrif í verkefninu „Okkar leikskóli“ þar sem Kópahvoll fær 1000kr per barn þar sem þau hafa áhrif á hvað peningurinn fer í.

